

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR Í BÍÓ PARADÍS VORIÐ 2021

BLACK SWAN, 15. FEBRÚAR KL. 14:15

VETRARFRÍ

FARGO, 1. MARS KL 14:15

SUNSET BOULEVARD, 8. MARS KL. 14:15

PERSONA, 15. MARS KL. 14:15

SHAWSHANK REDEMPTION, 22. MARS KL. 14:15

PARASITE, 29. MARS KL. 14:15

PÁSKAFRÍ

CITIZEN KANE, 12. APRÍL KL. 14:15

THE SHINING, 19. APRÍL KL. 14:15

GRAND BUDAPEST HOTEL, 26. APRÍL KL. 14:15



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



BLACK SWAN, 15. FEBRÚAR



TEGUND OG ÁR: Sálfræðitryllir, 2010

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 108 mín

LEIKSTJÓRN: Darren Aronofsky

LEIKARAR: Nathalie Portman, Vincent Cassel, Winona Ryder

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Svarti svanurinn segir frá dansaranum Ninu sem starfar í New York City dansflokknum. Hún býr hjá móður sinni, sem sjálf var dansari og er mjög metnaðargjörn fyrir hönd Ninu. Nýr ár er að hefjast hjá dansflokknum með hinum heimsfræga ballett Svanavatnið eftir Tchaikovsky. Nina vill fá aðalhlutverkið og dansa bæði hvíta og svarta svaninn, en gengur erfiðlega að túlka munúð og slægð svartsins. Annar dansari veitir henni jafnframt harða samkeppni.

Darren Aronofsky hóf feril sinn með myndinni Pi 1997 og vakti síðan mikla athygli fyrir næstu mynd sína, Requiem for a Dream árið 2000. Natalie Portman hlaut bæði Óskarsverðlaunin og Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni.

VETRARFRÍ

FARGO, 1. MARS



TEGUND OG ÁR: Drama, spennutryllir, 1996

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 98 mínútur

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

LEIKARAR: William H. Macy, Frances McDormand, Peter Stormare

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Joel og Ethan Coen eru vel þekktir í kvikmyndaheiminum sem sjálfstæðir kvikmyndagerðarmenn og höfundaleikstjórar. Yfirleitt gera þeir kvikmyndir í sameiningu og í kvikmyndum þeirra má sjá augljós höfundareinkenni. Að því leyti halda þeir uppi merkjum óháðra kvikmyndagerðarmanna og gera ekki formúlukenndar kvikmyndir að hætti Hollywood.

Fargo er ein þekktasta mynd Coenbræðra. Hún fjallar um Jerry sem vinnur á bílasölu tengdaföður síns og er í fjárhagsvandræðum. Til að koma sér úr klandrinu ákveður hann að fá tvo menn til að ræna eiginkonu sinni og krefjast lausnargjalds frá auðugum tengdaföður sínum.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlutu Coenbræður verðlaunin fyrir besta frumsamda handritið og Frances McDormand fyrir besta leik í aðalhlutverki.

SUNSET BOULEVARD, 8. MARS



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1950

LENGD: 110 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Billy Wilder

AÐALHLUTVERK: Gloria Swanson, William Holden, Erich von Stroheim

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Sunset Boulevard er með frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar en er jafnframt ádeila á Hollywood, æskudýrkun og afdrif leikara þögla tímabilsins.

Myndin segir frá ungum handritshöfundi, Joe, sem er staðráðinn í að öðlast frægð í Hollywood, en gengur illa. Hann neyðist til að leggja á flótta frá skuldunautum og uppgötvar af tilviljun heimili frægrar kvikmyndastjörnu frá tímabili þöglu myndanna, Normu Desmond. Norma ræður Joe til að hjálpa henni við að skrifa handrit þar sem hún íhugar endurkomu. Margt sérkennilegt kemur í ljós eftir því sem Joe dvelur lengur á setri Normu en hann kynnist líka ungri konu sem langar líka til að skrifa kvikmyndahandrit.

PERSONA, 15. MARS



TEGUND OG ÁR: Drama, 1966

FRAMLEIÐSLULAND: Svíþjóð

LENGD: 84 mínútur

LEIKSTJÓRI: Ingmar Bergman

LEIKARAR: Liv Ullman, Bibi Anderson

TUNGUMÁL: Sænska með enskum texta

Þekkt leikkona fær taugaáfall á miðri sýningu og neitar að tala. Eftir meðferð á geðdeild er hún send í sumarbústað á afskekktu eyju ásamt hjúkrunarfræðingi sér til heilsubótar. Hjúkrunarfræðingurinn reynir eftir megni að fá hana til að tala og brátt taka málin nýja stefnu.

Persona markar þáttaskil í ferli Ingmar Bergman og er talin með mögnuðustu og áhrifaríkustu verkum hans. Hann kafar djúpt í sálarlíf kvennanna beggja og tekur fyrir stóru spurningarnar um lífið, dauðann og allt þar á milli. Kvikmyndin er tekin á Farö þar sem Bergman setti stóra hluta verka sinna á svið

THE SHAWSHANK REDEMPTION, 22. MARS



TEGUND OG ÁR: *Drama, 1994*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LENGD: *142 mínútur*

LEIKSTJÓRI: *Frank Darabont*

LEIKARAR: *Tim Robbins, Morgan Freeman*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Andy Dufresne er ákærður fyrir morð á eiginkonu sinni og er sendur í tvöfalt lífstíðarfangelsi í Shawshank-fangelsinu. Þar kynnist hann Red, sem er leikinn af Morgan Freeman, sem er sögumaður myndarinnar. Myndin fjallar um vináttu þessara tveggja manna, ranglæti, spillingu og vonina innan fangelsismúranna,

Myndin er byggð á skáldsögunni „Rita Hayworth and The Shawshank Redemption) eftir Stephen King. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 1994, en laut í lægra haldi fyrir Forest Gump. Vinsældir myndarinnar hafa hins vegar aukist jafnt og þétt, sem þótti ólíklegt í byrjun.

PARASITE, 29. MARS



TEGUND OG ÁR: Drama, 2018

FRAMLEIÐSLULAND: Suður-Kórea

LENGD: 132 mínútur

LEIKSTJÓRI: Bong Joon Ho

LEIKARAR:

TUNGUMÁL: Kóreska með íslenskum texta

Sótsvört gamanmynd, þriller og vinningshafi Gullpálmans á Cannes 2019! Sníkjudýrin (Parasite) fjallar um bláfátæka fjölskyldu í kóreskri borg en einn daginn breytist allt þegar sonurinn fær vinnu við það að kenna unglingsstúlku ríkra hjóna.

Frá hinum margrómaða leikstjóra Bong Joon Ho (Okja, Snowpiercer) sem fjallar hér á listilegan hátt um stéttskiptingu í þessari stórkostlegu verðlaunamynd.

PÁSKAFRÍ

CITIZEN KANE, 12. APRÍL



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1941

LENGD: 119 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Orson Welles

ÁDALHLUTVERK: Orson Welles, Joseph Cotten, Everett Sloane

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Charles Foster Kane, einn af valdamestu mönnum Bandaríkjanna, deyr á ríkmannlegu setri sínu. Síðustu orð hans er „Rosebud“. Blaðamaður er sendur út af örkinni til að komast að því hvað orðið merkir. Hann kemst að ýmsu um Kane og hvernig hann byggði upp fjölmiðlaveldi sitt, hvernig hann varð stöðugt auðugri en glataði sál sinni. Talið er að fyrirmynd Kane hafi verið William Randolph Hearst.

Citizen Kane er álitin vera ein af merkustu kvikmyndum sögunnar þar sem Orson Welles hafði nær fullkomið frelsi til að þróa myndmál og frásagnaraðferð með byltingarkenndum aðferðum. Orson Welles var kornungur þegar hann gerði hana. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handrit og er talin vera besta kvikmynd sem gerð hefur verið.

THE SHINING, 19. APRÍL



TEGUND OG ÁR: Hrollvekja, 1980

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin/Bretland

LENGD: 143 mínútur

LEIKSTJÓRI: Stanley Kubrick

LEIKARAR: Jack Nickolson, Shelley Duvall, Scathman Crothers, Danny Lloyd

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Stephen King og fjallar um Jack Torrance, fyrrverandi kennara og rithöfund sem ákveður að gerast húsvörður á hóteli yfir vetur. Hann ætlar að skrifa bók, sem honum hefur gengið illa með og ekki batnar það við komuna á hótelið. Sonur hans, Danny, hefur yfirnáttúrulega hæfileika sem kallast "Shining". Í ljós kemur að hótelið á sér óhugnanlega sögu og brátt fara dularfullir atburðir að gerast.

Kvikmyndir Stanley Kubrick hafa markað tímamót í kvikmyndasögunni, en á meðal þekktustu mynda hans eru Dr. Strangelove, 2001: A Space Odyssey og A Clockwork Orange.

GRAND BUDAPEST HOTEL, 26. APRÍL



TEGUND OG ÁR: Drama, gamanmynd, 2014

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 100 mínútur

LEIKSTJÓRI: Wes Anderson

LEIKARAR: Ralph Fiennes, F. Murray Abraham, Adrien Brody

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Grand Budapest Hotel segir frá sérkennilegum hóteltjóra á frægu hóteli í Evrópu á fjórða áratugnum og vináttu hans við ungan starfsmann sem verður skjólstæðingur hans. Inn í frásögnina blandast átök við ríka fjölskyldu vegna erfðamála og stuldi á frægu málverki.

Wes Anderson er einn af athyglisverðustu kvikmyndaleikstjórum seinni nýbylgjunnar í Bandaríkjunum en hann hefur vakið athygli fyrir sérstæðan og persónulegan stíl og hefur gert myndir á borð við Fantastic Mr. Fox og Moonrise Kingdom.

Grand Budapest Hotel sópaði að sér verðlaunum og hlaut fjögur Óskarsverðlaun.

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



